

# Úrvinnsla

Gagnavinnsla frá mars 2025

Undirstaða fyrir stefnu



Borgarbyggð



Guðmunda Ólafsdóttir  
MBA

# EFNISYFIRLIT

KYNNING Á SVÓT



ÓGNANIR / ÁSKORANIR



STYRKLEIKAR



TÆKIFÆRI



VEIKLEIKAR



SAMANTEKT Á SVÓT



KVÖLDFUNDIR



SPURNING EITT



SPURNING TVÖ



SPURNING ÞRJÚ



SPURNING FJÖGUR




HVAÐ SEGJA BÖRNIN



# STAÐAN Í DAG

## Tölur sem teknar voru saman í mars 2025 af starfsmönnum Svæðastöðva íþróttahéraða / Vesturland



Graf fyrir Vesturland, skiptingin er óháð búsetu iðkanda. Heildarprósentan er reiknuð út frá hverjum iðkanda einu sinni innan héraðs og er svo lögð við útgefnar tölur hagstofnunar um íbúatölur 2023. Iðkandi sem býr t.d. í Dalabyggð en æfir íþrótt í Borgarbyggð reiknast þannig bara sem iðkandi en ekki íbúi á tilteknu svæði, því er smá skekkja á útreikningum um iðkendatölur innan héraðssambanda, en sú tala hækkar prósentutalið.

HSH = Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Stykkishólmsbær og Grundarfjörður

ÍA = Akraneskaupstaður

UDN = Dalabyggð og Reykhólasveit

UMSB = Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur

Tölur skjalana eru fengnar úr skilakerfi ÍSÍ og er frá félögum innan UMSB 2023. Íbúatölur barna eru frá Hagstofnunni 2023.


- Heildariðkanir þvert á félög. Hver iðkandi er talin eins oft og þær greinar sem sá æfir
- Heildariðkendur. Hver iðakandi sem æfir innan UMSB bara talin einu sinni óháð greinum
- Heildariðkendur innan pósthúmera Borgarbyggða. Allir iðkendur sem búa utan pósthúmers Borgarbyggðar eru teknir út, hafa skal í huga að mögulega búa þau samt innan sveitarfélagsins. Hver einstaklingur er bara einu sinni talin.

Samkvæmt þessum gögnum æfðu **50,3%** barna á aldrinum 0 – 17 ára einhverja íþrótt.

Innan pósthúmera Borgarbyggða æfðu **43,5%** barna.

Ef tekið er 6 – 17 ára þá eru það **55,3%** barna innan pósthúmera Borgarbyggðar.

# KYNNING Á SVÓT



Við upphafsskref á gagnaöflun fyrir Íþróttastefnu Borgarbyggðar voru meðal annars tveir kvöldfundir haldnir og á þeim var farið í snarpa SVÓT greiningu.

Þessir fundir voru opnir öllum sem vildu taka þátt.

Góð þátttaka var á báðum fundum eða rúmlega 100 manns.

Hver liður fékk tíu mínútur og því ekki verið að kafa mikið á dýptina.

Var þetta aðallega gert til þess að hlusta á hvað íbúar og Íþróttahreyfingin hefði að segja.

Það komu áhugaverð svör og hugmyndir frá fundargestum sem hér verður gerð skil á.

# STYRKLEIKAR



Af þeim fjölmörgu punktum í Styrkleikaflokknum eða 151 punktum, komu margir áhugaverðir fram.

Það sem stendur upp úr öllu er hvað íbúar Borgarbyggðar horfa vel til náttúru og umhverfi sem mikinn styrkleika samfélagsins og vilja nýta betur til fjölbreyttrar útivistar. Göngustígar eru mikið nefndir í því samhengi.

Mannauður samfélagsins er einnig talinn einn af megin styrkleikum, sem og góð samskipti og stuttar boðleiðir. Það er mjög jákvætt að fundargestir geri sér vel grein fyrir því hvað samfélagið hefur marga kosti fram að færa. Aðstaða og fjölbreyttni fyrir fullorðna er mikill styrkleiki og kemur Janusarverkefnið mjög sterkt fram, þar sem íbúar eru mjög ánægðir með þann valkost.

Aðstaða og uppbygging hennar kemur mjög mikið fyrir og þá sérstaklega sundlaugar þær þykja góðar og margar. Rík hefð er fyrir íþróttum og hreyfingu í héraði því talinn einn af helstu styrkleikum þess að mati fundargesta.

Að samfélagið sé heilsueflandi samfélag þykir mikill styrkleiki því í gegnum það er hægt að efla hreyfingu á margvíslegan hátt þvert á samfélagið.

Eins eru fundargestir mjög ánægðir með íþróttakennslu í grunnskólum.

Staðsetning Borgarbyggðar er kostur.

Opnir tímar fyrir ungmenni í sveitarfélaginu kemur nokkrum sinnum fyrir sem Styrkleika punktar sem er mjög jákvætt.

# VEIKLEIKAR



Samgöngur er stór veikleiki



Skortur á samvinnu og samtali er veikleiki

Oft þegar talað er um veikleika þá er horft í styrkleikana og séð hvar mætti laga eða hvað er hægt að gera betur.

Það voru margir punktar um veikleika eða 234 og margir þeirra sögðu það sama.

Aðstöðuleysi kom oftast fyrir sem er áhugavert því í styrkleikum er aðstaða talin upp þar.

Þó svo að öflugur mannauður sé í byggðarlaginu er mikill skortur á sjálfbærliðum í starfsemi íþróttahreyfingarinnar og talað um að erfitt sé að manna stjórnir og mikill skortur á þjálfurum inn í íþróttahreyfinguna.

Skortur á fjármagni er talinn einn af megin veikleikum til þess að geta byggt upp góða og virka íþróttahreyfingu innan sveitarfélagsins.

Samgöngur er stór veikleiki í sveitarfélaginu og nýting á fristundavagni fyrir svæðið.

Skortur á samvinnu og samtali innan íþróttahreyfingarinnar er talið vera hindrun í samstarfi og uppbyggingu, kom oft fyrir punktar um of mikla samkeppni á milli félaga og deilda ásamt of mikilli afreksvæðingu.

Að horfa á Borgarbyggð í heild, ekki sem Borgarnes og sveitinn er veikleiki í samvinnu og samnýtingu á íþróttamannvirkjum að mati fundargesta.

Samkeppni við atvinnulífið um tíma ungmenna, þau eigi auðvelt með að fá vinnu sem þau velja frekar en skipulagt íþróttar og tómstundastarf.

Fjarlægðir á milli staða og of mikið fámenni eða skortur á iðkendum.

Einhæft íþróttalíf og lítið í boði fyrir fatlaða fullorðna.

Almennt neikvætt viðhorf íbúa, áhuga og metnaðarleysi án þess að það sé skýrt nánar.

# ÓGNANIR/ ÁSKORANIR



Skortur á sjálfbóðaliðum er helsta ógnin

Ógnanir geta oft verið frekar áskoranir og ætti að tala þannig um þennan lið til þess að taka sem mestu neikvæðni úr umræðunni. Hvað er það sem hringir bjöllum hjá fundargestum í þeim atriðum sem betur mætti fara. Það voru 153 punktar sem hérna komu fram og margir eins. Skortur á sjálfbóðaliðum er mesta áskorunin að mati fundargesta, ásamt skortur á fjármagni. Í punnktum kom fram að óvirkar stjórnir innan íþróttahreyfingarinnar ógni starfinu þar mikið og er þá líklega mikið í tengingu við skort á sjálfbóðaliðum.

Það sem kom ráðgjafa mest á óvart er hvað fundargestum þykir neikvæðni í samfélaginu vera mikil áskorun á allt íþróttastarf, að neikvætt viðhorf innan samfélagsins sé það mikið og almennt að það skyggi á starfið í heild sinni. Skortur á menntuðum þjálfurum er mikil ógn og skortur á þjálfurum almennt.

Vegalengdir og samgöngur í sveitarfélaginu og heildarskipulagning í víðfemu sveitarfélagi í þágu allra barna er mikil áskorun. Fáir iðkendur í víðfermu sveitarfélagi er ógn við íþróttastarfið eins og fjöldi íþróttafélaga.


Áhugaleysi er punktur sem kom oft en ekki settar fram meiri skýringar á þessu áhugaleysi hvort það sé hjá íbúum og / eða iðkendum almennt.

Brottflyingur í önnur sveitarfélög þar sem betri aðstaða er þykir ógn eins brottfall vegna framboðs á íþróttastarfi fyrir yngri börn.



Langar vegalegndir og samgöngur

# TÆKIFÆRI



Bæta samgöngur er stærsta tækifærið

Þegar fólk fer að skoða tækifærin breytast oft áskoranir / ógnanir í tækifæri sem er mjög jákvætt. Það komu 177 punktar við tækifærum og margir þeirra eins á milli borða.

Efla samgöngur er eitt stærsta tækifæri Borgarbyggðar að mati fundarmanna. Bætt aðstaða kemur þar á eftir. Að bæta aðstöðu til fjölbreyttra íþrótta og auka þar með iðkendum í skipulögðu starfi, kæmi í veg fyrir brottfall og hefði einnig mikið forvarnargildi.

Allir sjá fleiri tækifæri í meira fjármagni inn í íþróttahreyfinguna. Með meira fjármagni er talið að hægt sé að virkja sjálfbærni í afmarkaðra hlutverk og efla einnig skrifstofuhald í íþróttahreyfingunni með fleiri launuðum starfsmönnum.

Tækifæri í meiri samvinnu er greinilega til staðar og er bent á það. Að efla samstarf og jafnvel stuðla að sameiningu íþróttafélaga er greinilega stórt tækifæri því það kemur mikið fyrir á mörgum punktum.

Efla íþróttastarf fyrir yngri hópa og þá sérstaklega er nefnt fyrir 5 til 7 bekk.


Breyta opnunartíma á sundlaugum á Varmalandi og Kleppi væri gott tækifæri.

Styðja við ráðningu á þjálfurum til fjölbreyttra íþrótta á vegum UMSB.



Aukið fjármagn í starfið

# SAMANTEKT Á SVÓT



Við samantekt á þeim punktum sem fundargestir settu fram kemur margt áhugavert í ljós.

Borgarbyggð er að gera marga góða hluti og hefur mjög mörg tækifæri til þess að bregðast við því sem fundargestir settu fram sem veikleikar og ógnanir því á heildina litið eru það allt tækifæri sem þarna birtast.

Samkvæmt fundargestum kemur fram að Borgarbyggð býr yfir miklum og öflugum mannauð sem þyrfti að virkja enn betur til öflugra starfa með einhvers konar endurskipulagi í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

Uppbygging á íþróttamannvirkjum sem nú eru í gangi hjá sveitarfélaginu, gefa tækifæri á því að bregðast við áskorunum og nokkrum veikleikum eins og fjölbreytni í íþróttastarfi fyrir yngri börn og betri aðstaða.


Það er nokkuð ljóst að í Borgarbyggð er skortur á sjálfbærðum eins og er á landsvísu og erfitt virðist vera að sporna við.

Því er samtal á milli íþróttahreyfingarinnar og Borgarbyggðar með breytt fyrirkomulag á skipulagi nauðsynlegt. Það þarf að bregðast við skorti á stjórnarfólki í félögum með einhverjum hætti í samvinnu.


UMSB byggi á gömlum grunni sem vert er að skoða með hreyfingunni í heild sinni í Borgarbyggð. Hvort eitthvað annað fyrirkomulag henti betur við nútíma aðstæður, eins og breyting á utanumhaldi á skrifstofu, fjárreiðum félaga, ráðningar þjálfara og fleira í þá áttina þarf að taka í samtali.

Það er nauðsynlegt í svona stefnumótunarvinnu að horfa fram á við með virðingu fyrir sögunni á sama tíma má ekki festast í baksýnispegli.

# SAMTALIÐ ER NAUÐSYNLEGT



# KVÖLDFUNDIR



Við úrvinnslu á öðrum gögnum frá kvöldfundum kom áhugavert í ljós hvað borðin voru samhljóma án þess að vita af því.


Oft var eins og að einn hópur hafi verið að vinna saman því svörin voru það lík.

Fyrri fundurinn var ætlaður öllum þeim sem að íþróttahreyfingunni koma hvort sem það eru starfsmenn eða sjálfboðaliðar. Það er ekki hægt að merkja önnur svör frá íþróttahreyfingu heldur en þeim almenna fundi sem haldinn var tveimur dögum seinna. Það voru fjórar spurningar lagðar fyrir og fékk hvert borð um 40 mínútur til þess að svara þeim. Hver spurning þurfti þrjú svör sem borðið varð að koma sér saman um. Það var rauður þráður í gegnum öll svörin hjá öllum.

Það vantar fjármagn og sjálfboðaliða það er helsta atriðið sem kemur allsstaðar fram. Það sem kom skammtilega á óvart þegar verið var að vinna úr gögnum frá kvöldfundum og börnum og ungmennum kom tvennt eins fram.

**Það vantar betri aðstöðu og aðstoð með fleiri þjálfara.**

# 1. HVER ÆTTI FRAMTÍÐARSÝN BORGGARBYGGÐAR AÐ VERA Í ÍPRÓTTAMÁLUM TIL ÁRSINS 2030 ?




Það að 75–80% barna stundi skipulagt íþróttastarf til loka grunnskóla í góðri aðstöðu.

Að í Borgarbyggð verði fjölbreytt framboð íþróttar sem mætir þörfum þeirra íbúa sem þar búa, aðgengi verði fyrir alla, með menntaðar þjálfara.

Stuðningur sveitarfélagsins felist í uppbyggingu á mannvirkjum og innviðum íþróttahreyfingarinnar, svo sem skrifstofuhaldi og stuðningi við þjálfun.

Minnka neikvæðni í samfélaginu og lyfta umræðum upp í jákvæðari áttir.

## 2. HVERNIG GETUR BORGARBYGGÐ STUTT BEST VIÐ STJÓRNIR ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR




Við þessari spurningu áttu fundargestir ekki mörg ólík svör heldur nánast allir eins og því ekki margar setningar í úrvinnslu.

Aukið fjármagn til Íþróttahreyfingar í uppbyggingu og stuðning við innviði eins og ráðningu þjálfara og allt skrifstofuhald.  
Þetta er talið myndi létta á sjálfbærliðum.

Aðstoða við að búa til umbunarkerfi fyrir sjálfbærliða.

### 3. HVAÐ Á AÐ VERA HLUTVERK BORGARBYGGÐAR Í ÍPRÓTTUM OG HREYFINGU OG HVERT ER HLUTVERK ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR.



Í augum flest allra fundagesta var þetta einföld skipting á milli hlutverka þessara aðila.

Hlutverk Borgarbyggðar er að útvega aðstöðuna hvort sem er fyrir íþróttaiðkun eða félagsaðstöðu íþróttar.

Borgarbyggð leggur til fjármagn til uppbyggingar og rekstur á íþróttastarfi svo hægt sé að vera með metnaðarfullt og samkeppnishæft íþróttastarf.

Á sama tíma er óskað eftir því að Borgarbyggð hafi eftirlit með nýtingu fjármagns, svo að fjármagnið fari í það sem því er ætlað.

Íþróttahreyfingin og hlutverk hennar er skýrt í hugum fundargesta.


Það er að sjá um skipulag á íþróttastarfinu og halda utan um það í sinni víðustu mynd, efla samvinnu á milli félaga og fá félög til þess að sameinast eða vinna samkvæmt sömu stefnu og markmiðum.

Að fá fleiri iðkendur og minnka brottfall.

Sjá um allt kynningarstarf.

Sjá um ráðningu þjálfara og efla samvinnu á milli íþróttagreina, ásamt því að sjá um skýrsluskil og allt skrifstofuhald.

## 4. HVERNIG ER HÆGT AÐ KOMA Í VEG FYRIR BROTTFALL ? MEÐ HVAÐA HÆTTI GETUR BORGARBYGGÐ KOMIÐ AÐ STUÐNINGI ? OG HVERING GETUR ÍPRÓTTAHREYFINGIN SPORNAÐ VIÐ



Það er eins í þessari fjórðu spurningu voru allir nánast sammála um þessa hluti sem er jákvætt. Góðar samgöngur skipta miklu máli og er það helsta sem nefnt er í sambandi við hvað Borgarbyggð getur gert í því að sporna við brottfalli, að efla frístundaakstur.

Sameiginlega getur Borgarbyggð og Íþróttahreyfingin staðið að fræðslu til iðkenda og foreldra með það að markmiði efla starfið. Heimila kynningar í grunnskólum fyrir íþróttir og samvinna milli félaga/deilda.

Íþróttahreyfingin þarf að vera sýnilegri og sýna vel hvað er í boði og fyrir hvern.


Borgarbyggð getur komið að því að efla stuðning við iðkendur.

Með stuðningi inni á æfingum fyrir þau sem það þurfa og eins fjárhagsstuðning við foreldra sem það þurfa.

Með auknu fjármagni inn í hreyfinguna væri hægt að ráða inn fleiri og menntaða þjálfara svo hægt sé að koma á móts við iðkendur á þeirra forsendum. Grípa þau sem ekki vilja verða afreks en vilja samt æfa.

Samfélagsleg viðhorfsbreyting er talin þurfa til þess að efla íþróttir og sporna við brottfalli. Minnka neikvæðni í bæjarfélaginu væri einn liður í að minnka brottfall að mati fundargesta.

# HVAÐ SÖGÐU BÖRNIN OKKUR



Í gagnöflun í þeirri stefnumótunarvinnu sem verið er í hjá Borgarbyggð, var farið í alla grunnskóla Borgarbyggðar til þess að hlusta á börn og ungmenni.

Sjö spurningar voru lagðar fyrir 5–10 bekk þar sem hópar unnu saman í að svara. Það gekk virkilega vel með tilkomu frábæri samvinnu allra skóla og skólastjórnenda og ekki síst nemenda. Tekið var spjallið við 1–4 bekk inni í stofum og niðurstöður teknar niður á staðnum og unnið úr þeim.


Eftir úrvinnslu á gögnum frá grunnskólum í Borgarbyggð er ljóst að mikill áhugi fyrir því að æfa íþróttir og grunnskólabörn skilja vel að það er heilsusamlegt að hreyfa sig einnig eykur það líkur á langlífi, að félagsskapurinn sé mikilvægur svo að þeim leiðist ekki.

Börn og ungmenni Borgarbyggðar eru með margar hugmyndir, þau voru dugleg að segja skoðun sína, hvort sem það var að hrósa því sem vel er gert og eins segja hvað þarf að laga og hvað vantar.

Það var virkilega gaman að taka saman gögn frá börnunum því þau sjá hlutina á einfaldan hátt og gera hlutina auðveldi. Þau eru ekkert að ofhugsa neitt heldur bara setja þetta fram á skemmtilegan hátt.

Miðað við þær tölur sem unnið hefur verið með í gegnum skilakerfi ÍSÍ að einungis 46% barna í Borgarbyggð æfi skipulagðar íþróttir, þá er það ljóst á þessum gögnum, að það stafar ekki af áhugaleysi barnanna. Þau hafa mikinn áhuga á hreyfingu og æfingum, en því miður eru ekki alltaf aðstæður þannig að þau hafi tækifærið til þess að stunda skipulagt starf.

# HVAÐ SÖGÐU BÖRNIN OKKUR



Vinsælasta íþróttin sem oftast var nefnd sem uppáhalds er knattspyrna, flest börn æfa knattspyrnu í Borgarbyggð og þar á eftir körfubolta. Það er samt greinilegt að það vantar fjölbreytni í íþróttalífið á svæðinu, því það kemur skýrt fram í gögnum. Mörg æfa íþróttir á Akranesi sem ekki eru í boði í Borgarbyggð. Mörg þeirra segja að ferðir og vegalengdir séu leiðinlegar og vilja hafa styttra í þessar greinar. Það kom skammtilega á óvart hvað börnin og ungmennin eru að kalla eftir minni afreks væðinu í starf íþróttafélaga. Vilja fá að æfa á sínum forsendum ekki annara.

Það sem helst kom fram að vantar í Borgarbyggð hvað íþróttagreinar og þjálfun varðar eru það fjögur atriði sem oftast var nefnt, handbolti er þar efstur á blaði, Fimleikar, Sund og Badminton eru til jafns á eftir handboltanum.

Börnum langar í handboltahöll, fimleikahús, opnar sundlaugar og badmintonvöll. Ásamt því að það verði ráðið inn margir þjálfarar í þessum greinum svo að þetta geti orðið á öllu svæðinu. Eins nefndu nokkur að skautahöll væri mjög skammtilegt að fá. Það vilja allir betri aðstöðu og meiri fjölbreytileika.

Samgöngur er börnum og ungmennum mjög ofarlega í huga og þá bæði aðgengi að strætó eða frístundaakstri og eins kostnaði við ferðirnar. Mörg telja það vera stóra hindrun í því að æfa það sem þeim virkilega langar, eru samgöngur að komast á milli staða og að æfingar séu á þeim tíma sem þau komast.

# HVAÐ SÖGÐU BÖRNIN OKKUR



Það var áberandi að yngstu nemendur vildu hafa mikinn fjölbreytileika og helst að þau gætu prófað sem flest til þess að geta valið sjálf hvað þeim langaði að æfa.

Þegar þau voru spurð kom almennt fram hugmyndafræði íþróttaskóla upp í þeirra lýsingum.

Börnin og ungmenntin eru almennt meðvituð um umhverfið sitt og vilja nýta náttúruna í Borgarbyggð betur, fá að vera meira úti.

Það komu upp hugmyndir að setja betri og fleiri útileiktæki bæði við skólana og eins á opnum grænum svæðum, svo hægt sé að leika sér víða.

Bæta við battavöllum og pönnuvöllum. Laga vellina betur sem eru nú þegar á svæðinu og halda hlutum betur við. t.d. laga gervigrasið við Grunnskólann í Borganesi og Hvanneyri.

Laga girðingu við fótboltavöll svo að boltar færu ekki út í sjó.

Nokkuð margir nefndu nýjan og betri búnað eins og nýja körfubolta.

Hvanneyrarbörn vilja fá betri geymslu svo að hægt sé að geyma útidót og ekki allt skemmist fljótt.

Það er nokkuð ljóst að tækifæri Borgarbyggðar í því að fá fleiri inn í skipulagt íþróttastarf felst aðalega í skipulagningu á samgöngum, nýtingu á mannvirkjum á svæðinu ásamt því að styðja við þjálfun í hinum ýmsu greinum til uppbyggingar á starfinu.